

Siðareglur

Samskipti

Mikilvægt er fyrir alla sem starfa með börnum og ungmennum að vera meðvituð um skyldur sínar og ábyrgð. Siðareglur þessar gilda fyrir allt starfsfólk og sjálfboðaliða Æskulýðsvettvangins.

- 1 Ávallt skal stuðla að velferð barna og ungmenna og hafa að leiðarljósi það sem þeim er fyrir bestu.
- 2 Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu gæta vandvirkni og samvirkusemi auk þess að koma fram af umhyggju, heiðarleika og virðingu gagnvart öllum þeim sem starfað er með eða fyrir. Hafa skal í huga að orð og athafnir samrýmist starfi, umhverfi, stað og stund.
- 3 Starfsfólk og sjálfboðaliðar eru fyrirmyndir þátttakenda í starfi og ber að sýna góða hegðun og gott fordæmi jafnt í starfi sem og utan þess.
- 4 Stuðla skal að heilbrigðu, uppbyggjandi og vönduðu starfi með börnum og ungmennum.
- 5 Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu ekki mismuna börnum og ungmennum með orðum eða hegðun á grundvelli þjóðernis, uppruna, kynþáttar, litarháttar, kyns, aldurs, trúarbragða, skoðana, kynhneigðar, fötlunar, efnahags, ættarmerks eða stöðu að öðru leyti.
- 6 Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu gæta fyllsta trúnaðar og þagmælsku um allt það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum og ber að fara með sem trúnaðarmál. Þagnarskylda á þó aldrei við þegar starfsfólk eða sjálfboðaliðar verða þess áskynja að barn búi við óviðunandi uppeldisástæður, verði fyrir áreitni eða hvers konar ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Í slíkum tilfellum ber að fylgja ákvæðum IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002.
- 7 Öll neysla tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna er óheimil í starfi með börnum og ungmennum.
- 8 Starfsfólk eða sjálfboðaliðar, sem ráðnir eru til að starfa með börnum og ungmennum, skulu hæfir til þess. Ávallt skal leita eftir samþykki þeirra sem hyggjast hefja störf um leyfi fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá.
- 9 Starfsfólk eða sjálfboðaliðar skulu ekki misnota stöðu sína á neinn hátt, svo sem líkamlega, andlega eða kynferðislega þegar kemur að samskiptum við þátttakendur eða annað starfsfólk og sjálfboðaliða.
- 10 Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu sinna þátttakendum af alúð í starfi en halda sig í faglegru fjarlægð utan viðburða og forðast náð samband. Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu aldrei hafa frumkvæði að samskiptum við þátttakendur nema slíkt sé í tengslum við þátttöku barns og ungmennis.
- 11 Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu aldrei stofna til óviðeigandi sambands við börn og ungmenni sem eru þátttakendur í starfi.
- 12 Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu forðast þá aðstöðu að vera ein með þátttakanda.
- 13 Aldrei skal stefna heilsu eða öryggi þátttakenda í hættu. Ávallt skal sýna fyllstu aðgát og varkárni í starfi og koma í veg fyrir að börn lendi í aðstæðum sem þau ekki ráða við. Þetta á bæði við um börn og sjálfboðaliða sem ekki hafa náð 18 ára aldri.
- 14 Einelti er aldrei liðið. Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu leitast við að koma í veg fyrir hvers konar ofbeldi, svo sem andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt.
- 15 Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu leitast við að eiga góð samskipti við samstarfsfólk og foreldra þátttakenda.
- 16 Hafa skal í huga að mörk einstaklinga eru mismunandi og ber að virða þau. Varast skal hvers konar snertingar sem gætu leitt til misskilnings í samskiptum við börn, ungmenni og samstarfsfólk.
- 17 Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu huga að ábyrgum rafrænum samskiptum og netnotkun við þátttakendur. Forðast skal að eiga samskipti í gegnum síma og samskiptasiður á internetinu nema í tengslum við þátttöku barna í viðburðum.
- 18 Þegar teknar eru ljósmyndir af börnum og ungmennum sem þátttakendum í starfi skal virða friðhelgi þeirra og rétt til einkalífs. Aldrei skal taka eða birta óviðeigandi myndir af börnum og ungmennum. Myndir af þátttakendum í starfi, sem teknar eru af starfsfólki og sjálfboðaliðum, skal aldrei nota til einkanota.